



Fréttatilkynning

05 July 2022 17:00:00 GMT

## Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

Arion banki hf. lauk í dag útboði á sértryggðum skuldabréfaflokknum ARION CB 27 fyrir samtals 2.500 m.kr.

Í heild bárust 7 tilboð að fjárhæð 2.500 m.kr að nafnverði bárust í flokkinn ARION CB 27 á ávöxtunarkröfu á bilinu 6,49-6,55%. Tilboð að nafnverði 2.500 m.kr. á kröfunni 6,55% voru samþykkt.

Í samræmi við útboðstilkynningu bauðst Arion banki til að kaupa til baka ARION CB 22 gegn sölu í útboðinu á fyrirframákveðna verðinu 100,185. Niðurstaða skiptiútboðs leiðir til þess að Arion banki kaupir 1.280 m.kr. að nafnverði í flokknum ARION CB 22.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta í Nasdaq Ísland þann 12. júlí 2022.

Umsjónaraðili útboðsins var Markaðsviðskipti Arion banka.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jensson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jensson@arionbanki.is), s. 856 7468, eða Gunnars Erlingssonar, Mörkuðum, [gunnar.erlingsson@arionbanki.is](mailto:gunnar.erlingsson@arionbanki.is), s. 858 8392

### Viðhengi

[Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)